D54E8S

# LIFE styrkir 2026 Náttúruvernd

Sandra Berg Cepero

Sérfræðingur, rannsóknir og nýsköpun

Landstengiliður LIFE, Horizon Europe

Sandra.b.cepero@rannis.is

Co-funded by the European Union

rannís

# LIFE – Umhverfis-og loftslagsáætlun ESB

# LIFE er innleiðingaráætlun

Markmiðin eru að:

- vernda, endurheimta og bæta umhverfið og auka í kjölfarið lífsgæði fólks.
- flýta fyrir hreinum orkuskiptum með aukinni útbreiðslu orkunýtni og endurnýjanlegri orku,
- draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auka viðnámsþol vegna loftslagsbreytinga og auka vitund um þörfina að draga úr loftslagsbreytingum,
- efla hringrásarhagkerfið með nýrri tækni og lausnum,
- vernda náttúru Evrópu með því að hægja á og snúa við hnignun líffræðilegs fjölbreytileika

# Undiráætlanir LIFE

- Loftslagsbreytingar- Aðlögun og mótvægisaðgerðir
- Hrein orkuskipti
- Hringrásarhagkerfi og lífsgæði
- Náttúra og líffræðilegur fjölbreytileiki

NATURA 2000

EUROPEAN GREEN DEAL

# Kostir LIFE

- Tækifæri til að framkvæma stór, stefnumótandi og áhrifamikil verkefni
  - 60% afsláttur

- Tækifæri til að tengja saman ólíka geira til að vinna að sama markmiði
  - Tengjast aðilum sem fást við svipaðar áskoranir/verkefni
  - Gert ráð fyrir ferðakostnaði í fjárhagsáætlun -ráðstefnur, heimsóknir

- Samstarfssamningur til margra ára – skuldbinding
  - Auðveldar áætlunargerð til lengri tíma

# LIFE styrkir – einkenni og tegundir

# LIFE áætlunin – einkenni styrkja

- ❑ Ekki grunnrannsóknir – frekar hagnýting lausna, prófun og innleiðing.
- ❑ Ekki hugverkaréttur – frekar að deila lausnum/áhrifum fyrir samfélag eða umhverfi.
- ❑ Ekki eingöngu uppbygging innviða – frekar að sýna hvernig innviðirnir eru notaðir til að ná raunverulegum umhverfis- eða loftslagsáhrifum.

- Umsóknartímabil apríl til september
- Samstarfs ekki alltaf krafist
- Upphæðir á bilinum 1-10 milljónir Evra
- Hlutfall fjármögnunar – 60% eða 95%

## Tegundir LIFE styrkja

| | SAP (Standard Action Project) | SIP (Strategic Integrated Project) | SNAP (Strategic Nature Project) |
|---|---|---|---|
| **Tilgangur** | Vinna að markmiðum undiráætlana með nýsköpun og bestu lausnum en talsvert svigrúm til útfærslu (bottom-up) | Innleiðing áætlana og stefnu ESB í umhverfis- og loftslagsmálum | Innleiðing áætlana og stefnu ESB á sviði náttúruverndar og líffræðilegs fjölbreytileika |
| **Þátttakendur** | Opinberir aðilar, fyrirtæki og félagasamtök | Stjórnvald/opinber stofnun og viðeigandi hagaðilar skulu koma að verkefninu | Stjórnvald/opinber stofnun og viðeigandi hagaðilar skulu koma að verkefninu |
| **Tveggja þrepa** | Nei | Já | Já |
| **Undirbúningsstyrkir** | Nei | Technical Assistance for Preparation (TA-PP) | Technical Assistance for Preparation (TA-PP) |
| **Íslensk verkefni** | PEATLAND, TERRAFORMING | ICEWATER | |

rannís

# Öll LIFE verkefni, SAP, SIP og SNAP - eru SMART

**Sértæk (specific):** beinast að tilteknum þætti (t.d. tegund) sem á að bæta

**Mælanleg (measurable):** mælikvarðar á framfarir

**Ábyrgðarskipt (assignable):** alveg skýrt hver ber ábyrgð á hvaða þætti

**Raunhæf (realistic):** hvaða árangri er hægt að ná miðað við fjármagn og mannauð

**Tímasett (time-related):** hvenær árangri verði náð

# SIP/SNAP - Innleiðingarverkefni

Innleiðing áætlana og stefnu ESB á sviði umhverfis- og loftslagsmála
Getur verið alþjóðlega, á landsvísu eða tilteknu svæði.

Dæmi:

- Náttúruvernd og líffræðilegur fjölbreytileiki
- Hringrásarhagkerfi og meðhöndlun úrgangs
- Vatnsvernd
- Loftmengun
- Hljóðmengun
- Aðlögun við loftslagsbreytingum
- Aðgerðir gegn loftslagsbreytingum



# Opið fyrir umsóknir 2026
# Náttúra og líffræðilegur fjölbreytileiki
## (Nature and Biodiversity)

rannís

# Náttúra-og líffræðilegur fjölbreytileiki

- Standard Action Projects (SAPs) for nature and biodiversity - Nature

Umsóknarfrestur: 22 september 2026

- Standard Action Projects (SAPs) for nature and biodiversity – Governance and Information

Umsóknarfrestur: 22 september 2026

- Strategic Intergrated Projects – Nature (SNAP) 2ja þrepa umsókn

Verkefnalýsing: Umsóknarfrestur: 3 september 2026
Fullunnin umsókn: Umsóknarfrestur: 4 mars 2027

- Technical Assistance for the preparation of SNAPs

Umsóknarfrestur: 22 september 2026

# Standard Action Projects (SAPs) for nature and biodiversity - Nature

**Áhrif**

Að skilgreina, meta og ná fram metnaðarfullum og trúverðugulegum áhrifum hvað varðar verndargildi og tryggja sjálfbærni til lengri tíma og möguleika til endurtekninga.

**Markmið**

Að leggja sitt af mörkum til markmiða ESB um vernd, viðhald og endurheimt náttúruauðlinda sambandsins, á vistkerfum þess, bæði á hafsvæðum, ferskvatni og landi.

# Standard Action Projects (SAPs) for nature and biodiversity – Governance and Information

**Áhrif**
Að skilgreina, meta og ná fram metnaðarfullum og trúverðugulegum áhrifum hvað varðar verndargildi og tryggja sjálfbærni til lengri tíma og möguleika á endurtekningu.

**Markmið**

Að stuðla að verndun náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni með því að:

- Að auka vitund um ávinning náttúruverndar.
- Að styðja við að tryggja samræmi á reglum, þátttöku almennings og aðgang hans að réttlæti.
- Að vinna að aðgerðum til að endurtaka og stækka lausnir sem þegar hafa sannað gildi sitt.

# Strategic Nature (SNAP) (2ja þrepa)

**Væntanleg áhrif:**
Við lok verkefnis: framlag til innleiðingar viðkomandi áætlunar/stefnu og komið á fót kerfum til að tryggja fulla innleiðingu hennar.
Eftir lok verkefnis: full innleiðing áætlunarinnar/stefnunnar.

**Markmið:**

Að styðja fulla framkvæmd eftirfarandi áætlana og stefna:

- Aðgerðaráætlun um forgangsverkefni um verndun náttúrulegra búsvæða og villtra dýra og plantna.
- Landsáætlana um endurheimt náttúru.
- Aðrar áætlanir eða stefnur sem samþykktar hafa verið á alþjóðlegum, lands-, svæðisbundnum eða fjölsvæðisbundnum vettvangi af stjórnvöldum á sviði náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni og eru tengdar innleiðingu stefnu eða löggjafar ESB um náttúru og/eða líffræðilega fjölbreytni.

# Technical Assistance for the preparation of SNAPs

Fjárhagslegur stuðningur til undirbúnings umsóknar um stefnumótandi náttúruverkefni (SNaP) til að hrinda í framkvæmd:

- Aðgerðaáætlun um forgangsverkefni, landsáætlanir um endurheimt eða aðrar áætlanir á alþjóðlegum, lands-, svæðisbundnum eða fjölsvæðisbundnum vettvangi til að innleiða stefnu eða löggjöf ESB um náttúru og/eða líffræðilegan fjölbreytileika.
- Á víðtæku landsvæði.
- Með þátttöku allra viðeigandi hagsmunaaðila.
- Með kerfi sem samræmir fjármögnun sem styður við viðbótaraðgerðir sem nauðsynlegar eru til fullrar framkvæmdar á viðkomandi forgangsverkefnum.
- Samstarfshópur þarf ekki að vera fullskipaður.

**Styrkhlutfall:**
60%

**Styrkupphæð:**
70.000 EUR

**Síðasta umsóknarárið!**

# LIFE-PEATLAND (2025)



Verkefnastýring: LBHÍ

- Fjöldi þátttakenda: 7
- Undiráætlun: Náttúra og líffræðilegur fjölbreytileiki
- Tegund verkefnis: SAP – Standard Action Projects)

**Markmið verkefnisins**

Auka þekkingu og skilning á endurheimt votlendis á láglendi á Íslandi hvað varðar kolefnisbindingu, vistfræði votlendis og áhrif endurheimtar á líffræðilegan fjölbreytileika.




Takk fyrir

# Takk fyrir